

3  
13. febr.

### **Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 7. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um breyting á siglingareglum fyrir Reykjavíkurhöfn frá 13. jan. 1942.**

Samkvæmt ósk brezku flotayfirvaldanna, Íslandi, leiðréttist niðurlag (neðanmálgrein) siglingareglna fyrir Reykjavíkurhöfn, sem birtar eru í 1. tölublaði Lögbirtingablaðsins 17. janúar 1942, sem hér segir:

Í stað:

(1) Hvítt flagg með bláum röndum láréttum efst og neðst og rauðri rönd lárétrí í miðjunni.

(2) Gult flagg með bláum röndum lóðréttum.

(3) Hvít veifa með rauðum hnetti.

komi:

(1) Gult flagg með bláum röndum lóðréttum.

(2) Hvítt flagg með bláum röndum láréttum efst og neðst og rauðri rönd lárétrí í miðjunni.

(3) Hvít veifa með rauðum hnetti.

4  
2. jan.

## **REGLUGERÐ**

**um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda er bíða tjón af þeim, samanber lög nr. 75 27. júní 1941.**

### **I. KAFLI**

#### **Um framkvæmdastjórn.**

##### **1. gr.**

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

##### **2. gr.**

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd), eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar einn nefndarmanninn formann nefndarinnar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Forfallist nefndarmaður á þeim tíma, sem Alþingi er ekki að störfum, skipar landbúnaðarráðherra mann í hans stað, þar til Alþingi kemur næst saman.

Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar, og annast hann dagleg störf og framkvæmdir eftir því, sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til.

Heimilt er að hafa framkvæmdarstjóra 2, ef nefndin telur það nauðsynlegt, og skiptir hún verkum með þeim.

##### **3. gr.**

Verkefni framkvæmdanefndar er:

1. að hafa stjórn þeirra sóttvarnarráðstafana, er um ræðir í reglugerð þessari;
2. að úthluta bótum eða styrktarfé, sem árlega er veitt í fjárlögum til þeirra bænda, er beðið hafa tjón af þeim sjúkdómum, sem reglugerð þessi fjallar um;
3. að vinna að því að bændur, sem hafa þá sauðfjársjúkdóma í fé sínu, er lög þessi ná til, komi sér upp hraustari fjárstofni með úrvali eða fjárskiptum;